

Fundargerð

149. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Þriðjudaginn 7. desember 2010 kl. 12⁰⁰–14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Ögmundur Einarsson (ÖE) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG) (fjarverandi)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar.
- (2) Lagabreytingar
- (3) Árangursstjórnunarsamningur
- (4) Söfnun úrgangsolíu
- (5) Greiðslur til þjónustuaðila
- (6) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (148. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við fundargerðina.

2. Lagabreytingar

Frestað hefur verið gildistöku ákvæði til bráðabirgða, í lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald, vegna einnota drykkjarvöruumbúða til 1. jan 2012. ÓK og GGS hittu umhverfisnefnd Alþingis vegna frumvarps um hækkanir á úrvinnslugjöldum.

3. Árangursstjórnunarsamningur

Lögð voru fram drög að árangursstjórnunarsamningi sem Umhverfisráðuneytið hefur sent til Úrvinnslusjóðs, en ráðuneytið vill koma á slíkum samningum við stofnanir ráðuneytisins fyrir áramót.

Stjórn samþykkir að skrifa undir fyrirbyggjandi árangurstjórnunarsamning

4. Söfnun úrgangsolíu

ÓK fór yfir viðræður við fulltrúa olíufélaganna. Unnið hefur verið að viðaukum, þar á meðal móttökuskilmálum og samningi um svartolíuúrgang.

5. Greiðslur til þjónustuaðila

Ræddar voru greiðslur sjóðsins til þjónustuaðila fyrir meðhöndlun á pappa- og pappírsumbúðum og var lagt fram yfirlit yfir þróun verðs á endurvinnslumarkaði í Þýskalandi fyrir pappa sem og greiðslur sjóðsins.

Stjórn samþykkir að lækka endurgjald til þjónustuaðila vegna meðhöndlunar á pappa- og pappírsumbúðum úr 14 kr/kg í 13 kr/kg frá og með 1. janúar 2011.

6. Önnur mál

Guðlaugur fór yfir samantekt um leysiefni og frostlög.

Fundi slitið 14:00

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs